



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Alþingi
Erindi nr. P 7/5/2959
komudagur 23.5.2008

Reykjavík 13. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra hefur nokkrar athugasemdir við tillögu menntamálanefndar Alþingis til þingsályktunar um íþróttakennslu í grunnskólum, 185. mál.

Flutningsmenn tillögunnar vísa til bandarískra rannsókna en ekki er vísað í nein haldbær gögn varðandi holdafar íslenskra barna. Þarna kann að vera ólíku saman að jafna. Stjórnin álfur að skortur á íþróttakennslu sé ekki helsti valdur að offitu barna og unglunga en leiða má líkur að því að mataræði ráði þar miklu um. Hreyfing og íþróttir eru óefað af hinu góða en æskilegt hlýtur að teljast að stuðla að hreyfingu með því að gera börnum kleift að stunda þær íþróttir sem þau kjósa, og bæta aðstöðu til hreyfingar í frímínútum og frítíma.

Heimili og skóli - landssamtök foreldra leggja áherslu á að öllum börnum verði gert kleift að stunda íþróttir óháð efnahag foreldranna og einnig að stefnt verði að samþættingu tómsunda, íþróttar og skóla þannig að vinnudagur barna sé búinn á sama tíma og foreldranna. Þá er mikilvægt að leiksvæði skóla séu þannig gerð að þau bjóði upp á hlaup og hreyfingu og enn fremur að börnum sé gert mögulegt að ganga eða hjóla í skólann á öruggum stígum. Það skipulag teljum við heillavænlega leið að bættri lýðheilsu.

Virðingarfyllt

Björk Einisdóttir
framkvæmdastjóri

Sjófn Þórðardóttir
formaður